



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum í skóla- og frístundaráði um mat á tilraunaverkefni um 42,5 klst. hámarksvistunartíma barna

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

Í ljósi þess að tilraunaverkefni um breytingu á dvalartíma barna í leikskólanum á viku í 42,5 klst. að hámarki mun hefjast í janúar 2023 þá er mikilvægt að fram komi hvernig árangur tilraunaverkefnisins verður metinn. Ljóst er að þessi stytting á leyfilegum hámarksdvalartíma mun hafa mikil áhrif á daglegt líf sumra fjölskyldna sem þurfa á lengri dvalartíma að halda vegna ýmissa aðstæðna sem oft eru ekki á færi þeirra að breyta. Stytting dvalartíma minnkar sveigjanleika og mun auka álag á sumar fjölskyldur. Hvernig verður þetta tilraunaverkefni metið? Hver munu sjá um það mat? Hvernig verða áhrif þessarar breytingar á fjölskyldur metin? Hvernig verða áhrifin á leikskólastarfið metin? Hvernig verða áhrifin á börn metin? Hvaða þættir munu vega þyngst þegar ákveðið verður hvort þessi breyting verður varanleg? Mikilvægt er að fá svör við þessu.

Svar:

Í kjölfar útgáfu af [skýrslu](#) Umbætur og skipulag leikskólastarfs var m.a. samþykkt:

„Um tveggja ára tilraunaverkefni verði að ræða og verður árangur og reynsla af starfinu metin í áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mun mat á árangri taka tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri“.

Fram kemur í skýrslunni að það sé mat stýrihópsins sem vann að henni, að með því að stytta opnunartíma sé hægt að ná verulegum umbótum í skipulagi leikskólastarfsins og bæta daglegt umhverfi barna og starfsfólks. Til þess að draga úr áhrifum neikvæðra áhrifa á styttri opnunartíma var tekin ákvörðun um að hafa lengri opnun í einum til tveimur leikskólum í hverju hverfi. Var það mat hópsins að sú mótvægisaðgerð fullnægði eftirspurn samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

Fyrir liggur könnun meðal leikskólastjóra um áhrif lokunar kl. 16:30 á starfsemi leikskóla. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að heilt yfir er reynsla leikskólastjórnenda að styttri opnunartími hafi jákvæð áhrif á leikskólastarfið, börn, starfsfólk, faglegt starf og leikskólabrag.

Nokkur undirbúningur hefur verið að því að innleiða þessa styttingu heildardvalartímans. Átti hún að fara af stað 1. janúar 2022 en margvíslegar tafir urðu til þess að hún hófst ekki fyrr en í upphafi árs 2023. Stytting á opnunartíma leikskóla hófst fyrr eða í upphafi árs 2022 og er því komin nokkur reynsla á nýtingu á dvalartíma til klukkan 16.30.

Það er í höndum teymis árangurs og gæða á skrifstofu skóla- og frístundasviðs að senda út kannanir og safna gögnum um áhrif styttingar á opnunartíma leikskóla sem og lækkun hámarksdvalartíma barna í leikskólum. Það er síðan fagskrifstofa leikskólamála og



fjármáladeild skóla- og frístundasviðs sem fara yfir og vinna úr þeim niðurstöðum sem fram koma í könnununum.

Fyrirhugað er að gera tvær kannanir á tímabilinu hjá foreldrum sem og stjórnendum og starfsfólki. Sendur verður spurningalisti á vormisseri til þeirra foreldra sem eru að nýta lengri opnunartíma sem og þeirra sem voru með meira en 42,5 klst. keypta vistun fyrir breytinguna. Einnig verður sendur spurningalisti til stjórnenda og starfsfólks bæði í þeim leikskólum sem eru með styttri opnunartíma sem og þeirra sem eru með opið til klukkan 17.00.

Tekin verða gögn úr skráningarkerfinu um nýtingu á mótvægisaðgerðinni þ.e. fjölda þeirra sem kaupa tíma til klukkan 17.00 í þeim skólum sem eru með lengri opnunartíma og borin saman við viðveru barnanna.